

## Geirskiptir þjóðhagsreikningar 2000–2011

### *Non-financial institutional sector accounts 2000–2011*

Hagstofan gefur nú út í fyrsta sinn tekjuskiptingaruppgjör fyrir alla fimm megingeira íslenska hagkerfisins yfir árin 2000 til 2011. Uppgjörið felur ekki í sér nýtt mat á vergri landsframleiðslu í heild eða helstu efnispáttum hennar heldur er byggt á niðurstöðum ráðstöfunar- og framleiðsluuppgjors þjóðhagsreikninga. Hér er aftur á móti lögð áhersla á að skrá verðmætastraumana milli megingeira hagkerfisins.

Niðurstöður tekjuskiptingaruppgjorsins eru vergur og hreinn sparnaður hvers geira fyrir sig. Vergur sparnaður heimilageirans mælist að meðaltali 5% af vergum ráðstöfunartekjum yfir tímabilið. Árið 2001 var sparnaður heimila neikvæður um -2,1% en fór hæst í rúm 18% af ráðstöfunartekjum árið 2008.

### Inngangur

#### *Mismunandi uppgjörsaðferðir*

Tekjuskiptingaruppgjör er ein af þremur aðferðum sem beitt er við gerð þjóðhagsreikninga. Fram til þessa hafa þjóðhagsreikningar verið færðir með tvennum hætti hér á landi, annars vegar samkvæmt ráðstöfun og hins vegar samkvæmt framleiðslu.

Ráðstöfunaruppgjör byggist á því að meta þau verðmæti sem ráðstafað er til endanlegra nota, þ.e. einkaneyslu, samneyslu, fjárfestingar og útflutnings. Innflutningur dregst hins vegar frá og til þess að forðast tvítalningu er aðföngum sem atvinnureksturinn kaupir af öðrum atvinnugreinum eða flytur inn sleppt. Á hinn bóginn byggir framleiðsluuppgjórið á því að meta verðmætasköpunina eða virðisaukann þar sem hann verður til en ekki þar sem honum er ráðstafað. Virðisaukinn verður til í einstökum fyrirtækjum og atvinnugreinum og samanstendur af vinnulaunum, afskriftum af framleiðslufjármunum og hreinum hagnaði fyrirtækja áður en kemur til greiðslu vaxta. Þriðja uppgjörsaðferðin og sú uppgjörsaðferð sem hér er til umfjöllunar, tekjuskiptingaruppgjórið, byggir á því að meta virðisaukann eftir að honum hefur verið útteilt til þeirra, sem tekið hafa þátt í myndun hans.

Í tekjuskiptingaruppgjörinu er hagkerfinu skipt í fimm innlenda megingeira, þ.e. (1) fyrirtæki önnur en fjármálastofnanir, (2) fjármálastofnanir, (3) hið opinbera, (4) heimilin og (5) félagasamtök. Í uppgjörinu er litið á hvern geira og tekjur hans, þáttatekjur, tilfærslutekjur og eignatekjur metnar. Með sama hætti eru útgjöld geirans metin, bæði til endanlegrar ráðstöfunar og tilfærslna. Þáttatekjur að viðbættum nettó tilfærslutekjum og nettóeignatekjum mynda ráðstöfunartekjur hvers geira. Í tekju- og útgjaldareikningum gildir, að ráðstöfunartekjur hvers geira eru jafnar sparnaði og útgjöldum hans. Af geirskiptingunni má ráða skiptingu tekna milli aðila hagkerfisins og af því er nafnið tekjuskiptingaruppgjör dregið.

Útlönd eru talin sem sjötti geirinn. Í þjóðhagsreikningauppgjörinu er færður einn reikningur fyrir öll viðskipti við útlönd, hvort sem um er að ræða vöru-, þjónustu- eða tilfærsluviðskipti. Augljóst er að „útlönd“ uppfylla ekki meginreglu geiraskiptingar í tekju- og útgjaldareikningi, þ.e. þau mynda ekki afmarkaðan hóp hvað varðar ákvarðanir um tekjuöflun og ráðstöfun. Hins vegar er nauðsynlegt að tekjuskjortingaruppgjörið reikning við útlönd í tekjuskjortingaruppgjöri m.a. vegna afstemmingar. Uppgjörið fyrir útlönd sem hér er birt er unnið úr uppgjöri viðskiptajafnaðar sem Seðlabanki Íslands birtir ársfjórðungslega.

Hinar mismunandi aðferðir þjóðhagsreikninga ættu fræðilega séð að gefa sömu niðurstöðu því í reynd er alltaf verið að meta sömu stærðina, þ.e. árangur efnahagsstarfseminnar eða virðisaukann á ákveðnu tímabili, oftast einu ári. Munurinn felst einungis í því hvar verðmætin eru metin, þ.e. hvort þau eru metin þar sem þeim er ráðstafað, eða þar sem þau verða til. Vandí getur þó verið að fá þær til að stemma þar sem mismunandi heimildir eru notaðar fyrir hverja þeirra.

Tímaraðirnar sem hér eru birtar ná yfir árin 2000–2011 á verðlagi hvers árs.<sup>1</sup>

Hagstofa Íslands fékk styrk til að efla gerð þjóðhagsreikninga á Íslandi sem nær til loka ársins 2014, í gegnum IPA-fjölbáttaáætlun (*e. Instrument for multibeneficiary Pre-Accession Assistance*) Evrópusambandsins. Eitt af verkefnum sem féll undir styrkinn var þróun tekjuskjortingaruppgjörs fyrir Ísland og var markmiðið að koma því verkefni í góðan farveg og er þessi útgáfa hluti af því verkefni.

## Fræðilegur bakgrunnur

Heildstætt tekjuskjortingaruppgjör veitir heildaryfirlit yfir efnahagsstarfsemina og má skipta því upp í þrjá meginflokk; viðskiptareikninga (*e. current accounts*), uppsöfnunarreikninga (*e. accumulation accounts*) og efnahagsreikninga (*e. balance sheet*) í samræmi við þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna (*e. System of National Accounts*).

Í þessari skýrslu eru teknir fyrir viðskiptareikningar, merktir ljósbláir á myndinni hér að neðan. Viðskiptareikningurinn sýnir yfirlit yfir framleiðslu, dreifingu tekna og tekjuflæðið milli geira. Hver reikningur byrjar með upprunalið (tekjur) og lokast með ráðstöfunarlið (gjöld) sem afstemmingarlið (*e. balancing items*). Síðasti afstemmingarliðurinn í viðskiptareikningum er sparnaður sem í þjóðhagsreikningum er sá hluti tekna af framleiðslu hagkerfisins, innanlands eða utan, sem ekki er notaður til neyslu.


Hagstofan hefur verið að þróa fjármálareikninga undanfarin misseri. Í október voru í fyrsta skipti birtar niðurstöður fyrir út flæðistærðir auk stofnstærða þeirra reikninga. Með útgáfunni nú, þar sem viðskiptareikningum er skipt milli geira, vantar aðeins að gefa út nokkra af uppsöfnunarreikningum til að öllu þjóðhagsreikningakerfinu skil hafi verið gert skil hér á landi.

Á mynd 1 hér að neðan má sjá myndræna uppsetningu á þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna (SNA) með hliðsjón af geiraskjortingunni. Þar kemur hver geiri fram tvisvar sinnum, þ.e. bæði gjalda- og tekjumegin.

<sup>1</sup> Nálágast má tölur úr tekjuskjortingaruppgjöri fyrir árin 2000–2011 á vefsvæði Hagstofunnar. Í viðauka má sjá tölur sem sýna tímaraðir úr uppgjörinu fyrir árin 2008–2011, sjá bls. 13–25.

## Mynd 1. Þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna (SNA)

Figure 1. System of national accounts (SNA)



### Framleiðslureikningur


Upplýsingar unnar úr  
framleiðsluuppjöri

Framleiðslureikningurinn er unninn út frá upplýsingum úr framleiðsluuppjöri Hagstofunnar og geiraskiptri skattagrunnskrá fyrir hvert ár. Hlutföll geiranna af launagreiðslum í hverri atvinnugrein eru notuð til að skipta framleiðslu, aðföngum, leiðréttingu aðfanga v. framleiðsluskatta/framleiðslustyrkja og afskriftum niður á geira. Ráðstöfunarliður þess reiknings, verg landsframleiðsla (VLF), er hér reiknuð sem vinnsluvirði úr hverjum geira auk leiðréttingar aðfanga vegna framleiðslu-

skatta að frádreginni afstemmingu aðfanga vegna framleiðslu-styrkja, skv. framleiðslu- og ráðstöfunaruppgjöri.

## Mynd 2. Hlutdeild hvers geira í VLF

Figure 2. Each sectors share in GDP



Hlutdeild fyrirtækja annarra en fjármálastofnana um 59% í vergri landsframleiðslu


Á tímabilinu 2000-2011 var hlutdeild fyrirtækja annarra en fjármálastofnana að meðaltali rúm 59% í VLF. Sú hlutdeild fór hæst í 63,5% árið 2001 og lægst í 55,4% árið 2007. Hlutur hins opinbera var að meðaltali tæp 19% í VLF. Það hlutfall var hæst 20,1% árið 2003 og lægst 17,8% árið 2008. Þriðji stærsti geirinn á þennan mælikvarða litið voru heimilin. Hlutdeild þeirra var að meðaltali rúm 10%, hæst 11,3% árið 2009 en lægst 8,8% árið 2006. Hlutur fjármálastofnana var að meðaltali tæp 9% af VLF yfir tímabilið. Hæst fór hluturinn í 12,4% árið 2009 en var 5,1% árið 2000. Allt fram til ársins 2009 er nokkuð stöðugur vöxtur í hlutdeild fjármálafyrirtækja í VLF, sem er áberandi hæstur frá 2006 til 2007. Árið 2011 mælist sú hlutdeild enn sögulega nokkuð há eða um 9,8%, en inni í þeim tölum vega þrotabú banka í slitameðferð umtalsvert og sú hlutdeild mun örugglega lækka eftir að uppgjör þeirra liggur fyrir. Hlutdeild félagasamtaka var að meðaltali nokkuð stöðug í um 3% af VLF yfir tímabilið.

## Tekjureikningar

Virðisaukinn sem kemur fram í framleiðslureikningum einstakra geira flyst yfir í tekjureikninga sömu geira. Því til viðbótar koma eignatekjur og -gjöld, trygginga- og gjöld og tjónabætur, tekjutilfærslur til og frá hinu opinbera o.fl. Þegar neysla heimila, félagasamtaka og hins opinbera hefur verið gjaldfærð í einstökum geirum sýnir afgangurinn eða afstemmingarliðurinn þann sparnað sem myndast hefur í geiranum. Sá liður myndar síðan upphafsstöðu í fjármagnsreikningi (*e.capital account*) sem er fyrsti hluti uppsöfnunarreikninga (*e. accumulation accounts*).

### Mynd 3. Uppsetning tekjuskiptingaruppgjörsins

Figure 3. Sequence of accounts



## Ráðstöfun vinnsluvirðis

### *Laun og tengd gjöld*

Tölur um laun og launatengd gjöld koma úr framleiðsluuppgjöri Hagstofunnar og byggja að mestu á launakostnaði eins og fyrirtækin gjaldfæra hann. Niðurstöður um ráðstöfunartekjur heimilageirans sem Hagstofan hefur birt árlega frá árinu 2007 byggja á skattframtölum einstaklinga. Nokkurt misræmi er á milli þessara mælinga sem stafar að einhverju leyti af mismun á því hvað telst með launatengdum gjöldum. Í áður birtum tölum yfir ráðstöfunartekjur heimilageirans eru launatengd gjöld metin í liðnum „Framlög atvinnurekenda“ til launatekna heimila. Sá liður samanstendur af framlögum atvinnurekenda til lífeyrissjóða launþega annars vegar og almannatrygginga vegna launþega hins vegar. Þær tölur eru fengnar úr ársreikningum lífeyrissjóða sem Fjármálaeftirlitið tekur saman og ríkisreikningi fyrir hið opinbera. Framlög atvinnuveitenda til lífeyrissjóða eru iðgjöld til lífeyrissjóða og áætluð áfallin lífeyrisskuldbinding ársins auk annarra framlaga, svo sem til sjúkrasjóða, orlofsheimilásjóða, slysatrygginga og nokkurra annarra minni liða. Alltaf má gera ráð fyrir einhverjum mun á milli mismunandi heimilda, en ekki gafst þó tími til þess nú að greina þennan mismun ítarlegar.

### *Skattar og styrkir á vöru og þjónustu eru einungis mældir fyrir hagkerfið í heild*


Skattar á framleiðslu og innflutning eru annars vegar skattar á vöru og þjónustu og hins vegar aðrir skattar á framleiðslu. Til skatta á vöru og þjónustu telst virðisaukaskattur, inn- og útflutningsgjöld, vörugjöld, sértækir þjónustuskattar, neyslu- og leyfisskattar. Þeim fjárhæðum er ekki skipt upp á milli mismunandi geira hagkerfisins heldur eru þær einungis metnar fyrir innlenda geira alls. Það er gert í samræmi við þjóðhagsreikningastaðla. Sömu sögu er að segja um mælingar á styrkjum á vöru og þjónustu. Öðrum framleiðslusköttum og -styrkjum er skipt upp milli innlendra geira eftir því hver greiðir þá. Til annarra framleiðsluskatta teljast ýmsir skattar á launagreiðslur og vinnuafli, fasteignaskattar, skipulagsgjöld og umsýslugjöld.

### *Vergur rekstrarafgangur einstakra geira*

Vergur rekstrarafgangur hvers geira er jafn vinnsluvirði hans að frádregnum launum, launatengdum gjöldum og sköttum á framleiðslu og innflutning greiddum af hverjum geira að viðbættum fengnum framleiðslustyrkjum. Tímabilið 2000–2011 var hlutdeild fyrirtækja annarra en fjármálastofnana að meðaltali tæp 59% í vergum rekstrarafgangi, eða nær sama hlutdeild og í VLF. Sú hlutdeild fór hæst í 69,4% árið 2001 og lægst í 46,6% árið 2007. Hlutur heimila var að meðaltali tæp 20% í vergum rekstrarafgangi. Þar telst bæði vergur rekstrarafgangur af eigin rekstri, þ.m.t. af íbúðarhúsnæði svo og eigin laun. Það hlutfall var hæst 24,6% árið 2006 og lægst 15,6% árið 2001. Þriðji stærsti geirinn á þennan mælikvarða voru fjármálastofnanir. Hlutdeild þeirra var að meðaltali tæp 14%. Sú hlutdeild var hæst 20,6% árið 2007 og lægst 5% árið 2000. Til hins opinbera mátti rekja rúm 6% af vergum rekstrarafgangi á tímabilinu. Hæst fór sú hlutdeild í 7,4% árið 2000 en lægst 5,2% árið 2009. Hlutdeild félagasamtaka var að meðaltali tæp 2% af vergum rekstrarafgangi.

#### Mynd 4. Hlutdeild hvers geira í vergum rekstrarafgangi

Figure 4. Each sectors share in operating surplus, gross



#### Skipting frumtekna

##### Vinnsluvirði


Í reikningi yfir skiptingu frumtekna færast vinnsluvirðið úr framleiðslureikningum til tekna í viðeigandi geira. Auk þess færast hér til bókar dreifing eignatekna og — útgjalda á milli allra fimm innlendu geiranna auk útlanda. Laun og launatengd gjöld, sem einn liður vinnsluvirðis færast hér tekjumegin á heimilisgeirann auk nettólauna frá útlöndum. Skattar á framleiðslu og innflutning auk framleiðslu-styrkja teljast til tekna hjá hinu opinbera svo dæmi séu tekin.

##### Eignatekjur/-útgjöld

Til eignatekna/ -útgjalda teljast vextir, arður af hlutabréfum, endurfjárfesting hagnaðar af erlendum fjárfestingum, eignatekjur af tryggingasjóðum og leiga af landi. Almennur söluhagnaður/ -tap og hagnaður eða tap af sölu hlutabréfa er hins vegar ekki metinn til eignatekna/-útgjalda hér. Þeir liðir eru ekki taldir með í ráðstöfunar-tekjum eins og þær eru skilgreindar í þjóðhagsreikningum. Hagnaður af þessu tagi á að færast á eignabreytingareikning (verðbreytingareikning) og þá á efnahagsreikning. Þetta er samkvæmt skilgreiningu á tekjuhugtakinu í þjóðhagsreikningum, sem þær tekjur sem unnt er að ráðstafa án þess að gengið sé á efnahaginn. Er þá átt við efnahag í byrjun viðkomandi tímabils áður en hann tekur breytingum vegna fjármagnstilfærslna eða söluhagnaðar eða -taps (e. *capital gain/losses*).

### Mynd 5. Hlutdeild hvers geira í heildareignatekjum

Figure 5. Each sectors share in property income



#### Vaxtatekjur og –gjöld reiknast hér án FISIM

Vaxtatekjur og –gjöld eru hér metin fyrir hvern geira án óbeint mældrar fjármálaþjónustu (FISIM).<sup>2</sup> Þjónustu fjármálafyrirtækja má skipta í tvennt. Annars vegar er um að ræða beinar þjónustutekjur eins og lántökukostnað og aðrar þóknarir sem metnar eru með beinum hætti líkt og í annarri starfsemi. Hins vegar er um að ræða þá þjónustu sem fjármálafyrirtæki veita í formi miðlunar fjármagns.<sup>3</sup> Sú þjónusta er óaðgreind frá þeim vaxtatekjum og gjöldum sem fram koma í reikningum fjármálafyrirtækja og framtölum fyrirtækja og heimila ásamt hinu opinbera. Þar af leiðandi þarf að meta hana með óbeinum hætti. Þessi þjónusta er mæld samkvæmt þjóðhagsreikningastaðli ESA2010 og er munur útlána- og innlánsvaxta margfaldaður með tilheyrandi lánastofni. Þannig er gert ráð fyrir að innlánsvextir lýsi fjármögnunarkostnaði fjármálafyrirtækja sem umbreyta innlánunum í útlán með tilheyrandi hærri vöxtum. Vaxtagjöld hvers geira jafngilda skráðum vaxtagjöldum að frádregnu FISIM og við skráðar vaxtatekjur hvers geira af innlánunum bætist FISIM við. Heildarstærðin yfir FISIM er síðan dregin frá vaxtatekjum fjármálastofnana af útlánunum, þar sem um tekjur af þjónustu er að ræða.

Jöfnuðurinn sem fæst eftir skiptingu frumtekna eru vergar þjóðartekjur. Árin 2000–2011 var hlutdeild heimila að meðaltali tæp 70% í vergum þjóðartekjum. Sú hlutdeild fór hæst í 88% árið 2008 og lægst í 63,3% árið 2002. Hlutur hins opinbera var að meðaltali 17% í vergum þjóðartekjum. Það hlutfall var hæst 21,1% árið 2006 og lægst 13,4% árið 2011. Þriðji stærsti geirinn á þennan mælikvarða voru fyrirtæki önnur en fjármálastofnanir. Hlutur þeirra var að meðaltali tæp 7% sem fór hæst í 18,1% árið 2002 en var neikvæð um -16,6% árið 2008. Til fjármálastofnana mátti rekja tæp 6% af vergum þjóðartekjum á tímabilinu. Hæst fór sú hlutdeild í 10,8% árið 2011 en lægst í -1,3% árið 2009. Hlutdeild félagasamtaka var að meðaltali 0,6% af vergum þjóðartekjum.


<sup>2</sup> FISIM stendur fyrir *Financial Intermediation Services Indirectly Measured*.

<sup>3</sup> Með miðlun fjármagns er átt við þegar fjármálafyrirtæki umbreytir innlánunum í útlán.



### Mynd 6. Hlutdeild hvers geira í vergum þjóðartekjum

Figure 6. Each sectors share in operating surplus, gross




### Tekjutilfærslur

Til tekjutilfærslna teljast tekju- og eignaskattar, tryggingagjöld bæði til almanna-trygginga og sjóða, lífeyrir og félagslegar bætur, hrein vátryggingariðgjöld, vátryggingabætur auk nokkurra annarra minni liða. Í reikningi yfir tekjutilfærslur er flæði þessara stærða milli geira kortlagt, bæði gjalda- og tekjumegin. Stærsti einstaki liðurinn í tekjutilfærslum eru almennir tekjuskattar sem eru að stærstum hluta greiddir af heimilum.

### Mynd 7. Skipting tekju- og eignaskatta eftir geirum

Figure 7. Current taxes on income, wealth etc. by sectors




#### Vergar ráðstöfunartekjur

Jöfnuður á reikningi yfir tekjutilfærslur eru vergar ráðstöfunartekjur. Vergar ráðstöfunartekjur hvers geira eru jafnar hlut hans í vergum þjóðartekjum að viðbættum tekjutilfærslum tekjumegin og að frádregnum þeim tilfærslum útgjaldamegin hjá hverjum geira. Tímabilið 2000-2011 var hlutdeild heimila að meðaltali tæp 53% í vergum ráðstöfunartekjum alls. Sú hlutdeild fór hæst í 68,7% árið 2008 og lægst í 46,4% árið 2002. Hlutdeild hins opinbera var að meðaltali rúm 32% í vergum

ráðstöfunartekjum. Það hlutfall var hæst 38,2% árið 2008 og lægst 26,9% árið 2009. Þriðji stærsti geirinn á þennan mælikvarða voru fjármálastofnanir. Hlutdeild þeirra var að meðaltali rúm 9%. Sú hlutdeild var hæst 14,6% árið 2007 og lægst 3,8% árið 2005. Fyrirtæki, önnur en fjármálastofnanir, fengu í sinn hlut rúm 5% af vergum ráðstöfunartekjum. Hæst fór sú hlutdeild í 16,8% árið 2002 en hins vegar reyndust vergar ráðstöfunartekjur þess geira neikvæðar á árunum 2006-2008, allt niður í -18,8% árið 2008. Hlutdeild félagsamtaka var að meðaltali tæpt 1% af vergum ráðstöfunartekjum.

### Mynd 8. Hlutdeild hvers geira í vergum ráðstöfunartekjum alls

Figure 8. Each sectors share in the economies disposable income, gross



### Tekjujöfnun í fríðu


Líkt og kemur fram í yfirlitinu á mynd 3 gefur reikningur yfir tekjujöfnun í fríðu víðtækari mynd af tekjum heimilanna með því að telja með til tekna þær vörur og þjónustu sem heimilin fá án endurgjalds. Þar er um að ræða ýmsar félagslegar bætur í fríðu (e. social benefits in kind) frá hinu opinbera til heimila auk ýmissa tilfærslna á einstaklingsbundinni vöru og þjónustu sem fellur utan markaðskerfisins, þ.e.a.s. einstaklingsbundinni samneyslu. Til einstaklingsbundinnar samneyslu telst til að mynda greiðslupátttaka hins opinbera í lyfjakostnaði, heilbrigðisútgjöld og fræðsluútgjöld.

*Leiðréttar vergar ráðstöfunartekjur*

Jöfnuður á þessum reikningi sýnir leiðréttar vergar ráðstöfunartekjur, þar sem félagslegar greiðslur í fríðu eru færðar frá hinu opinbera og félagsamtökum til heimila.

### Mynd 9. Leiðréttar vergar ráðstöfunartekjur heimila og hins opinbera

Figure 9. Adjusted disposable income, gross, of households and general government




### Notkun ráðstöfunartekna

Sparnaður síðasti afstemningarliður uppgjörsins

Síðasti reikningur yfir tekjuskiptingu innlendra geira nær yfir notkun ráðstöfunartekna. Ráðstöfunartekjum má verja ýmist til neyslu eða sparnaðar og þessi reikningur sýnir þær færslur. Jöfnuður reikningsins sýnir vergan og hreinan sparnað. Vergur sparnaður heimilageirans reiknast sem vergar ráðstöfunartekjur eftir að leiðrétt hefur verið fyrir breytingum á hreinni eign heimila í lífeyrissjóðum en að frádreginni einkaneyslu heimila. Á sama hátt er vergur sparnaður fjármálastofnana jafn vergum ráðstöfunartekjum þess geira að frádregnum breytingum á hreinni eign heimila í lífeyrissjóðum. Vergur sparnaður hins opinbera er jafn vergum ráðstöfunartekjum að frádregnum hlut hins opinbera í einkaneyslu auk samneyslu. Á mynd 10 kemur fram þróun vergs sparnaðar hvers geira á tímabilinu 2000–2011.

### Mynd 10. Vergur sparnaður innlendra geira 2000–2011

Figure 10. Gross saving of domestic sectors 2000–2011



Íslenska hagkerfið einkennist af talsverðum breytingum í vergum sparnaði. Vergur sparnaður fyrirtækja annarra en fjármálastofnana er jafn vergum ráðstöfunartekj-

um, en líkt og greint hefur verið frá voru þær tekjur neikvæðar á árunum 2006–2008. Að meðaltali mælist vergur sparnaður fjármálastofnana -13,6% af vergum ráðstöfunartekjum þess geira. Þar vegur hæst -232% af vergum ráðstöfunartekjum árið 2005, vegna mikillar verðmætaaukningar í lífeyrissjóðunum það árið. Vergur sparnaður hins opinbera mælist að meðaltali 17,2% af vergum ráðstöfunartekjum. Hæst fór vergur sparnaður hins opinbera í rúm 35% árið 2006 en hefur frá hrun-árinu 2008 mælst neikvæður. Minnstu breytingarnar verða í vergum sparnaði heimila yfir tímabilið. Vergur sparnaður heimilageirans mælist að meðaltali yfir allt tímabilið 5%. Árið 2001 var sparnaður heimila neikvæður um -2,1% en hæst fór hann í 18,1% af ráðstöfunartekjum árið 2008.


## Útlönd

Sérstakur reikningur er færður fyrir sjötta geirann, útlönd. Sá geiri uppfyllir ekki meginreglu geiraskiptingar í tekju- og útgjaldareikningi, þ.e. myndar ekki afmarkaðan hóp hvað varðar ákvarðanir um tekjuöflun og ráðstöfun. Hins vegar er nauðsynlegt að færa sérstakan reikning við útlönd í tekjuskiptingaruppgjöri m.a. vegna afstemmingar.

Stærsta framlag þess geira, ef frá er talinn inn- og útflutningur á vöru og þjónustu, kemur gegnum eignatekjur og -gjöld. Hlutur útlanda í þeim liðum hefur farið vaxandi yfir tímabilið, og þá sérstaklega tekjumegin, eins og greina má á mynd 11.

### Mynd 11. Eignatekjur- og gjöld erlendra aðila 2000–2011

Figure 11. Property income from abroad 2000–2011



## English summary

Statistics Iceland publishes now for the first time non-financial institutional sector accounts data for the years 2000–2011. The figures published here do not present a new assessment of the overall GDP or other major components of the National Accounts for Iceland. Instead the focus is on dividing the totals between different sectors, as well as more detailed analysis of major transfers and flows between sectors.

The final balancing items of these accounts are gross and net savings for each sector. On average over the period, the household gross savings are over the period 5% of gross disposable income. In 2001, the household saving rate was negative by -2.1%, compared with the highest value in 2008, when gross saving were 18.1% of disposable income.

In following tables the non-financial institutional sector accounts for 2008–2011 are represented. Data for 2000–2011 can be downloaded from Statistics Iceland website.

This publication has been conducted under an IPA grant (*Instrument for multi-beneficiary Pre-Assistance*) with the aim of improving the Icelandic national accounts.

**Tafla 1. Innlendir geirar alls 2008–2011**

Table 1. Total economy 2008–2011

Verðlag hvers árs, milljónir króna Million ISK at current prices	2008	2009	2010	2011
<b>Framleiðslureikningur Production account</b>				
1. Framleiðsla Output	3.020.908	2.950.659	3.124.119	3.306.732
2. Aðföng Intermediate consumption	1.651.365	1.525.124	1.672.542	1.786.833
3. Skattar á vöru þjónustu – styrkir Taxes less subsidies on products	178.265	159.977	169.476	180.658
<b>4. Verg landsframleiðsla<sup>1</sup> Gross domestic product<sup>1</sup></b>	<b>1.547.808</b>	<b>1.585.511</b>	<b>1.621.053</b>	<b>1.700.558</b>
5. Afskriftir Consumption of fixed capital	251.275	296.422	291.297	290.037
<b>6. Hrein landsframleiðsla<sup>1</sup> Net domestic product<sup>1</sup></b>	<b>1.296.533</b>	<b>1.289.089</b>	<b>1.329.756</b>	<b>1.410.521</b>
<b>Ráðstöfun vinnsluvirðis Generation of income account</b>				
7. Laun og launatengd gjöld Compensation of employees (uses)	829.963	754.828	786.787	850.407
7.1. Launagreiðslur (gjöld) Wages and salaries (uses)	726.323	647.695	674.879	731.906
7.2. Tryggingagjöld atvinnurekenda (gjöld) Employers' social contributions (uses)	103.640	107.133	111.908	118.501
7.2.1. Tryggingagjöld til almennatrygginga og sjóða (gjöld) Employers' actual social contributions (uses)	93.212	95.209	98.685	104.957
7.2.2. Reiknað viðbótargjald (gjöld) Employers' imputed social contributions (uses)	10.428	11.924	13.222	13.544
8. Skattar á framleiðslu og innflutning (gjöld) Taxes on production and imports (uses)	232.405	210.747	220.687	231.176
8.1. Skattar á vöru og þjónustu (gjöld) Taxes on products (uses)	191.463	173.696	183.527	195.695
8.1.1. Virðisaukaskattur (gjöld) Value added type taxes (uses)	135.468	121.427	123.695	131.057
8.1.2. Innflutningsgjöld (gjöld) Taxes and duties on imports excluding VAT and duties (uses)	46.222	45.238	52.661	57.527
8.1.2.1. Tollar og aðflutningsgjöld (gjöld) Import duties (uses)	5.858	5.303	5.950	7.288
8.1.2.2. Aðrir skattar á innflutning (gjöld) Taxes on imports excluding VAT and duties (uses)	40.364	39.935	46.711	50.239
8.1.3. Útflutningsgjöld (gjöld) Export taxes (uses)	6	5	2	0
8.1.4. Aðrir vöru og þjónustuskattar (gjöld) Taxes on products except VAT, import and export taxes (uses)	9.767	7.025	7.169	7.111
8.2. Aðrir skattar á framleiðslu (gjöld) Other taxes on production (uses)	40.942	37.052	37.160	35.482
9. Framleiðslustyrkir (gjöld) Subsidies (uses)	27.326	28.005	27.489	29.001
9.1. Styrkir á vöru og þjónustu (gjöld) Subsidies on products (uses)	13.198	13.719	14.051	15.037
9.2. Aðrir framleiðslustyrkir (gjöld) Other subsidies on production (uses)	14.128	14.287	13.438	13.964
<b>10. Vergur rekstrarafgangur Operating surplus, gross</b>	<b>482.603</b>	<b>619.041</b>	<b>612.356</b>	<b>616.856</b>
11. Vergur afgangur af eigin rekstri Mixed income, gross	30.164	28.901	28.713	31.119
<b>12. Hreinn rekstrarafgangur Operating surplus, net</b>	<b>245.771</b>	<b>334.434</b>	<b>333.140</b>	<b>340.167</b>
13. Hreinn afgangur af eigin rekstri Mixed income, net	15.721	17.086	16.631	17.771
<b>Skipting frumtekna Allocation of primary income account</b>				
14. Laun og launatengdar tekjur Compensation of employees (resources)	833.557	760.220	796.097	860.082
14.1. Launagreiðslur (tekjur) Wages and salaries (resources)	729.917	653.087	684.189	741.581
14.2. Tryggingagjöld atvinnurekenda (tekjur) Employers' social contributions (resources)	103.640	107.133	111.908	118.501
14.2.1. Tryggingagjöld til almennatrygginga og sjóða (tekjur) Employers' actual social contributions (resources)	93.212	95.209	98.685	104.957
14.2.2. Reiknað viðbótargjald (tekjur) Employers' imputed social contributions (resources)	10.428	11.924	13.222	13.544
15. Skattar á framleiðslu og innflutning (tekjur) Taxes on production and imports (resources)	232.405	210.747	220.687	231.176
15.1. Skattar á vöru og þjónustu (tekjur) Taxes on products (resources)	191.463	173.696	183.527	195.695
15.1.1. Virðisaukaskattur (tekjur) Value added type taxes (resources)	135.468	121.427	123.695	131.057
15.1.2. Innflutningsgjöld (tekjur) Taxes and duties on imports excluding VAT and duties (resources)	46.222	45.238	52.661	57.527
15.1.2.1. Tollar og aðflutningsgjöld (tekjur) Import duties (resources)	5.858	5.303	5.950	7.288
15.1.2.2. Aðrir skattar á innflutning (tekjur) Taxes on imports excluding VAT and duties (resources)	40.364	39.935	46.711	50.239

Tafla 1. Innlendir geirar alls 2008–2011 (frh.)  
Table 1. Total economy 2008–2011 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljónir króna Million ISK at current prices	2008	2009	2010	2011
15.1.3. Útflutningsgjöld (tekjur) <i>Export taxes (resources)</i>	6	5	2	0
15.1.4. Aðrir vöru og þjónustuskattar (tekjur) <i>Taxes on products except VAT, import and export taxes (resources)</i>	9.767	7.025	7.169	7.111
15.2. Aðrir skattar á framleiðslu (tekjur) <i>Other taxes on production (resources)</i>	40.942	37.052	37.160	35.482
16. Framleiðslustyrkir (tekjur) <i>Subsidies (resources)</i>	27.326	28.005	27.489	29.001
16.1. Styrkir á vöru og þjónustu (tekjur) <i>Subsidies on products (resources)</i>	13.198	13.719	14.051	15.037
16.2. Aðrir framleiðslustyrkir (tekjur) <i>Other subsidies on production (resources)</i>	14.128	14.287	13.438	13.964
17. Eignagjöld <i>Property income (uses)</i>	1.888.630	1.506.068	1.244.374	1.104.889
17.1. Vaxtagjöld <i>Interest (uses)</i>	1.674.298	1.423.183	1.150.091	1.073.801
17.2. Arðgreiðslur af hlutabréfum <i>Dividends (uses)</i>	58.367	36.196	12.626	7.001
17.3. Endurfjárfesting hagnaðar af erlendum fjárfestingum (gjöld) <i>Reinvested earnings on foreign direct investment (uses)</i>	143.844	36.503	73.153	13.838
17.4 Eignagjöld af tryggingasjóðum <i>Property income attributed to insurance policy holders (uses)</i>	7.472	6.189	3.976	5.148
17.5 Leiga af landi (gjöld) <i>Rent (uses)</i>	4.650	3.998	4.527	5.101
18. Eignatekjur <i>Property income (resources)</i>	1.568.178	1.210.641	972.391	879.482
18.1. Vaxtatekjur <i>Interest (resources)</i>	1.329.461	1.026.957	851.087	795.615
18.2. Arður af hlutabréfum <i>Dividends (resources)</i>	86.904	49.593	40.785	44.961
18.3. Endurfjárfesting hagnaðar af erlendum fjárfestingum (tekjur) <i>Reinvested earnings on foreign direct investment (resources)</i>	139.925	123.952	72.048	28.753
18.4 Eignatekjur af tryggingasjóðum <i>Property income attributed to insurance policy holders (resources)</i>	7.239	6.141	3.944	5.052
18.5 Leiga af landi (tekjur) <i>Rent (resources)</i>	4.650	3.998	4.527	5.101
<b>19. Vergar þjóðartekjur</b> <b>Balance of primary income, gross/National income, gross</b>	<b>1.230.951</b>	<b>1.295.477</b>	<b>1.358.380</b>	<b>1.484.826</b>
<b>20. Hreinar þjóðartekjur</b> <b>Balance of primary income, net/National income, net</b>	<b>979.641</b>	<b>999.023</b>	<b>1.067.083</b>	<b>1.194.762</b>
<b>Tekjutilfærslur <i>Secondary distribution of income account</i></b>				
21. Tekju-eignaskattar ofl. (gjöld) <i>Current taxes on income, wealth etc. (uses)</i>	269.474	250.395	254.710	284.592
21.1. Almennir tekjuskattar (gjöld) <i>Taxes on income (uses)</i>	263.455	239.890	239.664	266.823
21.2. Eignaskattar, leyfisgjöld ofl. (gjöld) <i>Other current taxes (uses)</i>	6.019	10.505	15.047	17.768
22. Tryggingagjöld (gjöld) <i>Social contributions (uses)</i>	191.732	199.127	223.650	236.128
22.1. Iðgjöld til almannatrygginga og sjóða (gjöld) <i>Actual social contributions (uses)</i>	181.304	187.203	210.428	222.584
22.1.1. Iðgjöld vinnuveitenda (gjöld) <i>Employers' actual social contributions (uses)</i>	134.856	141.121	162.284	171.776
22.1.1.1. Iðgjöld til almannatrygginga (gjöld) <i>Compulsory employers' actual social contributions (uses)</i>	104.392	106.527	125.658	133.171
22.1.1.2 Iðgjöld til lífeyrissjóða (gjöld) <i>Voluntary employers' actual social contributions (uses)</i>	30.464	34.594	36.626	38.606
22.1.2. Iðgjöld launþega (gjöld) <i>Employees' social contributions (uses)</i>	43.923	43.680	45.715	48.287
22.1.2.1. Iðgjöld til almannatrygginga (gjöld) <i>Compulsory employees' social contributions (uses)</i>	32.514	30.263	31.229	33.200
22.1.2.2 Iðgjöld til lífeyrissjóða (gjöld) <i>Voluntary employees' social contributions (uses)</i>	11.410	13.416	14.485	15.087
22.1.3. Iðgjöld sjálfstætt og ekki starfandi (gjöld) <i>Social contributions by self-and non-employed persons (uses)</i>	2.525	2.402	2.429	2.520
22.1.3.1. Iðgjöld til almannatrygginga (gjöld) <i>Compulsory social contributions by self-and non-employed persons (uses)</i>	2.525	2.402	2.429	2.520
22.1.3.2 Iðgjöld til lífeyrissjóða (gjöld) <i>Voluntary social contributions by self-and non-employed persons (uses)</i>	0	0	0	0
22.2. Reiknuð viðbótariðgjöld (gjöld) <i>Imputed social contributions (uses)</i>	10.428	11.924	13.222	13.544
23. Lífeyrir og félagslegar bætur (gjöld) <i>Social benefits other than social transfers in kind (uses)</i>	168.046	213.000	202.757	223.222
23.1. Bætur almannatrygginga (gjöld) <i>Social security benefits in cash (uses)</i>	66.615	91.802	87.876	98.547

Tafla 1. Innlendir geirar alls 2008–2011 (frh.)

Table 1. Total economy 2008–2011 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljónir króna Million ISK at current prices	2008	2009	2010	2011
23.2. Lífeyrir lífeyrissjóða (gjöld) <i>Private funded social benefits (uses)</i>	94.503	111.970	104.559	112.952
23.3. Félagsleg aðstoð (gjöld) <i>Unfunded employee social benefits (uses)</i>	6.929	9.227	10.321	11.723
24. Aðrar tekjutilfærslur (gjöld) <i>Other current transfers (uses)</i>	245.618	271.914	283.002	310.681
24.1. Hrein váttryggingariðgjöld (gjöld) <i>Net non-life insurance premiums (uses)</i>	38.656	35.810	32.765	33.076
24.2. Bætur váttryggingafélaga (gjöld) <i>Net non-life insurance claims (uses)</i>	40.507	36.280	33.581	33.932
24.3. Tekjutilfærslur innan hins opinbera (gjöld) <i>Current transfers within general government (uses)</i>	132.445	158.598	171.403	190.189
24.4. Tekjutilfærslur vegna alþjóðastofnanna (gjöld) <i>Current international cooperation (uses)</i>	0	0	0	0
24.5. Ýmsar tekjutilfærslur (gjöld) <i>Miscellaneous current transfers (uses)</i>	34.010	41.225	45.253	53.484
25. Tekju-eignaskattar ofl. (tekjur) <i>Current taxes on income, wealth etc. (resources)</i>	269.474	250.395	254.710	284.592
25.1. Almennir tekjuskattar (tekjur) <i>Taxes on income (resources)</i>	263.455	239.890	239.664	266.823
25.2. Eignaskattar, leyfisgjöld ofl. (tekjur) <i>Other current taxes (resources)</i>	6.019	10.505	15.047	17.768
26. Tryggingagjöld (tekjur) <i>Social contributions (resources)</i>	191.732	199.127	223.650	236.128
26.1. Iðgjöld til almannatrygginga og sjóða (tekjur) <i>Actual social contributions (resources)</i>	181.304	187.203	210.428	222.584
26.1.1. Iðgjöld vinnuveitenda (tekjur) <i>Employers' actual social contributions (resources)</i>	134.856	141.121	162.284	171.776
26.1.1.1. Iðgjöld til almannatrygginga (tekjur) <i>Compulsory employers' actual social contributions (resources)</i>	104.392	106.527	125.658	133.171
26.1.1.2. Iðgjöld til lífeyrissjóða (tekjur) <i>Voluntary employers' actual social contributions (resources)</i>	30.464	34.594	36.626	38.606
26.1.2. Iðgjöld launþega (tekjur) <i>Employees' social contributions (resources)</i>	43.923	43.680	45.715	48.287
26.1.2.1. Iðgjöld til almannatrygginga (tekjur) <i>Compulsory employees' social contributions (resources)</i>	32.514	30.263	31.229	33.200
26.1.2.2. Iðgjöld til lífeyrissjóða (tekjur) <i>Voluntary employees' social contributions (resources)</i>	11.410	13.416	14.485	15.087
26.1.3. Iðgjöld sjálfstætt og ekki starfandi (tekjur) <i>Social contributions by self-and non-employed persons (resources)</i>	2.525	2.402	2.429	2.520
26.1.3.1. Iðgjöld til almannatrygginga (tekjur) <i>Compulsory social contributions by self-and non-employed persons (resources)</i>	2.525	2.402	2.429	2.520
26.1.3.2. Iðgjöld til lífeyrissjóða (tekjur) <i>Voluntary social contributions by self-and non-employed persons (resources)</i>	0	0	0	0
26.2. Reiknuð viðbótariðgjöld (tekjur) <i>Imputed social contributions (resources)</i>	10.428	11.924	13.222	13.544
27. Lífeyrir og félagslegar bætur (tekjur) <i>Social benefits other than social transfers in kind (resources)</i>	168.046	213.000	202.757	223.222
27.1. Bætur almannatrygginga (tekjur) <i>Social security benefits in cash (resources)</i>	66.615	91.802	87.876	98.547
27.2. Lífeyrir lífeyrissjóða (tekjur) <i>Private funded social benefits (resources)</i>	94.503	111.970	104.559	112.952
27.3. Félagsleg aðstoð (tekjur) <i>Unfunded employee social benefits (resources)</i>	6.929	9.227	10.321	11.723
28. Aðrar tekjutilfærslur (tekjur) <i>Other current transfers (resources)</i>	242.291	263.705	272.464	298.409
28.1. Hrein váttryggingariðgjöld (tekjur) <i>Net non-life insurance premiums (resources)</i>	39.897	36.089	33.037	33.704
28.2. Bætur váttryggingafélaga (tekjur) <i>Net non-life insurance claims (resources)</i>	40.506	36.280	33.580	33.932
28.3. Tekjutilfærslur innan hins opinbera (tekjur) <i>Current transfers within general government (resources)</i>	132.445	158.598	171.403	190.188
28.4. Tekjutilfærslur vegna alþjóðastofnanna (tekjur) <i>Current international cooperation (resources)</i>	1.502	2.156	2.403	2.623
28.5. Ýmsar tekjutilfærslur (tekjur) <i>Miscellaneous current transfers (resources)</i>	27.941	30.583	32.040	37.963
<b>29. Vergar ráðstöfunartekjur</b> <i>Disposable income, gross</i>	<b>1.227.624</b>	<b>1.287.267</b>	<b>1.347.842</b>	<b>1.472.554</b>
<b>30. Hreinar ráðstöfunartekjur</b> <i>Disposable income, gross</i>	<b>976.314</b>	<b>990.814</b>	<b>1.056.545</b>	<b>1.182.490</b>



Tafla 1. Innlendir geirar alls 2008–2011 (frh.)  
Table 1. Total economy 2008–2011 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljónir króna Million ISK at current prices	2008	2009	2010	2011
<b>Tekjujöfnun í friðu <i>Redistribution of income in kind account</i></b>				
31. Félagslegar greiðslur í friðu (gjöld) <i>Social transfers in kind (uses)</i>	245.109	261.087	259.672	269.009
31.1 Félagslegar bætur í friðu (gjöld) <i>Social benefits in kind (uses)</i>	46.044	51.766	52.689	53.484
31.1.1. Bætur almannatrygginga, endurgreiðslur (gjöld) <i>Social security benefits, reimbursements (uses)</i>	1.830	1.880	1.965	1.965
31.1.2. Aðrar bætur í friðu (gjöld) <i>Other social security benefits in kind (uses)</i>	39.720	44.385	45.270	47.225
31.1.3. Félagsleg aðstoð í friðu (gjöld) <i>Social assistance benefits in kind (uses)</i>	4.494	5.502	5.455	4.294
31.2. Tilfærsla á einstaklingsbundinni utanmarkaðs vöru og þjónustu (gjöld) <i>Transfers of individual non-market goods and services (uses)</i>	199.065	209.321	206.982	215.525
32. Félagslegar greiðslur í friðu (tekjur) <i>Social transfers in kind (resources)</i>	245.109	261.087	259.672	269.009
32.1 Félagslegar bætur í friðu (tekjur) <i>Social benefits in kind (resources)</i>	46.044	51.766	52.689	53.484
32.1.1. Bætur almannatrygginga, endurgreiðslur (tekjur) <i>Social security benefits, reimbursements (resources)</i>	1.830	1.880	1.965	1.965
32.1.2. Aðrar bætur í friðu (tekjur) <i>Other social security benefits in kind (resources)</i>	39.720	44.385	45.270	47.225
32.1.3. Félagsleg aðstoð í friðu (tekjur) <i>Social assistance benefits in kind (resources)</i>	4.494	5.502	5.455	4.294
32.2. Tilfærsla á einstaklingsbundinni utanmarkaðs vöru og þjónustu (tekjur) <i>Transfers of individual non-market goods and services (resources)</i>	199.065	209.321	206.982	215.525
<b>33. Leiðréttað vergar ráðstöfunartekjur<sup>2</sup> <i>Adjusted disposable income, gross<sup>2</sup></i></b>	<b>1.227.624</b>	<b>1.287.267</b>	<b>1.347.842</b>	<b>1.472.554</b>
<b>34. Leiðréttað hreinar ráðstöfunartekjur<sup>2</sup> <i>Adjusted disposable income, net<sup>2</sup></i></b>	<b>976.314</b>	<b>990.814</b>	<b>1.056.545</b>	<b>1.182.490</b>
<b>Notkun ráðstöfunartekna <i>Use of disposable income account</i></b>				
35. Einka- og samneysla <i>Final consumption expenditure</i>	1.179.430	1.206.225	1.225.738	1.294.105
35.1. Einkaneysla <i>Individual consumption expenditure</i>	1.059.794	1.072.547	1.086.867	1.147.505
35.2. Samneysla <i>Collective consumption expenditure</i>	119.636	133.678	138.871	146.600
36. Leiðrétting fyrir breytingu á hreinni eign heimila á lífeyrissjóðum (gjöld) <i>Adjustment for the change in net equity of households on pension funds (uses)</i>	92.913	93.332	111.813	115.160
37. Leiðrétting fyrir breytingu á hreinni eign heimila á lífeyrissjóðum (tekjur) <i>Adjustment for the change in net equity of households on pension funds (resources)</i>	92.913	93.332	111.813	115.160
<b>38. Vergur sparnaður <i>Saving, gross</i></b>	<b>48.193</b>	<b>81.042</b>	<b>122.104</b>	<b>178.449</b>
<b>39. Hreinn sparnaður <i>Saving, net</i></b>	<b>-203.116</b>	<b>-215.411</b>	<b>-169.193</b>	<b>-111.616</b>

1 Fyrir hagkerfið í heild jafngildir verg/hrein landsframleiðsla vinnsluvirði úr hverjum geira auk leiðréttingar aðfanga vegna framleiðsluskatta að frádrægninni leiðréttingu aðfanga vegna framleiðslustyrkja. For the total economy this item corresponds to gross domestic product, net domestic product respectively. It is equal to the value added of the institutional sectors plus taxes less subsidies on products.

2 Leiðréttað ráðstöfunartekjur eru ráðstöfunartekjur hvers geira að viðbættum/frádrægnum félagslegum greiðslum í friðu til eða frá viðkomandi geira. Adjusted disposable income is derived from the disposable income of an institutional unit or sector by adding the value of the social transfers in kind receivable by that unit or sector and by subtracting the value of the social transfers in kind payable by that unit or sector.

**Tafla 2. Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki 2008–2011***Table 2. Non-financial corporations 2008–2011*

Verðlag hvers árs, milljónir króna <i>Million ISK at current prices</i>	2008	2009	2010	2011
<b>Framleiðslureikningur <i>Production account</i></b>				
1. Framleiðsla <i>Output</i>	2.010.036	1.938.652	2.112.508	2.303.683
2. Aðföng <i>Intermediate consumption</i>	1.232.223	1.144.220	1.288.108	1.404.580
<b>4. Verg landsframleiðsla <i>Gross domestic product</i><sup>1</sup></b>	<b>777.813</b>	<b>794.431</b>	<b>824.400</b>	<b>899.103</b>
5. Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	142.173	179.244	173.746	169.018
<b>6. Hrein landsframleiðsla <i>Net domestic product</i><sup>1</sup></b>	<b>635.639</b>	<b>615.188</b>	<b>650.653</b>	<b>730.085</b>
<b>Ráðstöfun vinnsluvirðis <i>Generation of income account</i></b>				
7. Laun og launatengd gjöld <i>Compensation of employees (uses)</i>	496.619	428.775	431.180	508.314
7.1. Launagreiðslur (gjöld) <i>Wages and salaries (uses)</i>	449.059	379.896	383.787	450.626
7.2. Tryggingagjöld atvinnurekenda (gjöld) <i>Employers' social contributions (uses)</i>	47.561	48.879	47.394	57.689
7.2.1. Tryggingagjöld til almannatrygginga og sjóða (gjöld) <i>Employers' actual social contributions (uses)</i>	47.561	48.879	47.394	57.689
8. Skattar á framleiðslu og innflutning (gjöld) <i>Taxes on production and imports (uses)</i>	25.144	20.345	18.978	16.860
8.2. Aðrir skattar á framleiðslu (gjöld) <i>Other taxes on production (uses)</i>	25.144	20.345	18.978	16.860
9. Framleiðslustyrkir (gjöld) <i>Subsidies (uses)</i>	13.422	13.500	12.628	13.248
9.2. Aðrir framleiðslustyrkir (gjöld) <i>Other subsidies on production (uses)</i>	13.422	13.500	12.628	13.248
<b>10. Vergur rekstrarafgangur <i>Operating surplus, gross</i></b>	<b>255.808</b>	<b>347.480</b>	<b>343.951</b>	<b>364.360</b>
<b>12. Hreinn rekstrarafgangur <i>Operating surplus, net</i></b>	<b>113.635</b>	<b>168.236</b>	<b>170.205</b>	<b>195.342</b>
